

Reglulegir fundir miðstjórnar BHM eru þriðja miðvikudag í hverjum mánuði.

**Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 16.08.2006 kl. 16:00
Borgartúni 6**

Mættir:

Kristín Hafsteinsdóttir, FL
Ína B. Hjálmarsdóttir, FÍN
Páll Halldórsson, FÍN
Þrúður G. Haraldsdóttir, FÍN
Racel Eiríksson, SÍF
Bragi Skúlason, Útgarður
Salóme Þórisdóttir, ÞÍ
Þóroddur Þórarinsson, ÞÍ
Guðlaug Einarsdóttir, LMFÍ
Fanneý Úlfjótisdóttir, FH
Vilborg Oddsdóttir, SÍF
Guðlaug Kristjánsdóttir, SSP
Heiða B. Jósefsdóttir., KVH
Signý Þöll Kristinsdóttir, ÍÞÍ
Halldóra Friðjónsdóttir, BHM
Stefán Aðalsteinsson, BHM
Halldór K. Valdimarsson, BHM

Fundarstjóri: Halldóra Friðjónsdóttir
Fundur settur: kl. 16:10

Til umræðu:

1. Samráðsnefnd BHM og LN, bréf formanns til Sambands íslenskra sveitarfélaga.
HF reifaði og skýrði frá því að í samningum flestra félaga við LN væri ákvæði um að stefnt skyldi að stofnun samráðsnefndar.
Fulltrúar skýrðu frá því að í samningaumleitunum FÍN sæti enn við sama heygardshornið. Verið væri að leita leiða til að koma vandamálinum hjá LN. Sögðu þeir það yrði erfitt ef samráðsnefnd annarra félaga færi af stað áður en vandamál milli LN og FÍN væru leyst. Sögðu þeir vandamálið felast í því að samningsumhverfi á Náttúrufræðistofum væri svo ólíkt því sem annars staðar væri að mjög erfitt væri að koma hvoru tveggja inn í sama samning. Sáttasemjari hefði gefist upp á að ná sáttum í málinu. HF sagði ekki sjá að það skipti neitt félag máli hvort samráðsnefndin færi í gang mánuðinum fyrir eða síðar.
2. Samningar ASÍ og SA og áhrif þeirra á samninga BHM við ríkið. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, sérstaklega grein 5. Fundur með samninganefnd ríkisins og fundir með BSRB og KÍ og staða viðræðna um KOS.

HF skýrði frá því að á fyrsta fundi fulltrúa BHM, BSRB og KÍ hefðu aðeins verið reiðfuð mál. Á fundi þann 1. ágúst hefði komið fram hugmyndir um að reyna að ná einhverju öðru en í ASÍ/SA samningunum, til dæmis auknum jármunum til endurmenntunar. Í síðustu heildarsamningum hefðu einnig umræður um meiri fjármuni til trúnaðarmannamál verið komnar nokkuð áleiðis. Hugsanlega væri einnig hægt að ná einhverju þar..

Benti hún á að í síðustu kjarasamningum væri bókun um endurskoðun starfsmenntunarmála. Þá var rætt hvort heppilegt væri að fá styrkingu inn í stofnanasamningana að ári

Stefán skýrði frá því að samninganefnd ríkisins vildi túlka þetta samkomulag á þrengsta veg þannig að ekki yrði neitt að sækja. Hins vegar hefðu menn aðeins tekið sér stöðu á þessum fyrsta fundi og eftir væri að vinna úr.

PH skýrði frá því að þessi mál hefðu verið rædd í stjórn FÍN og þar hefði niðurstaðan orðið sú að í forsendugrein kjarasamninganna segi að breytingar sem náist annars staðar skuli sú breyting ganga inn í samning FÍN. Meðan ekki væri samið sérstaklega milli ráðherra og FÍN um að það gildi ekki þá sé það einstaklingsbundinn réttur félagsmanna að njóta að lágmarki 5,5% hækkunar á umræddu tímabili. Sagði hann mjög breytilegt hversu stór hópur þessi væri á mismunandi stofnunum.

HF skýrði frá því að við vörpunina í nýtt launakerfi væri minnsta hækkun 0,2%. Því hefði verið talið hentugra að leita eftir peningum í aðra þætti, fremur en að raska nýgerðu röðunarkerfi, sem gæti haft ákveðna erfiðleika í för með sér.

ÍBH ítrekaði að um persónubundinn rétt í miðlægum kjarasamningi væri að ræða og það eitt að kynna félagsmönnum þann rétt sinn og aðstoða við að ná honum fram væri mál stéttarfélaga. Annað ekki. Fram kom fyrirspurn um hvaða leiðir væru færar til að meta fjölda þeirra sem hafa ekki náð 5,5%. Fram komu ábendingar um leiðir.

Einnig var bent á að um væri að ræða atriði í kjarasamningum sem beindust að því að verjast áhrifum verðbólgu og erfitt um vik annað en fylgja því eftir. Jafnframt gæti það verið lagaleg skylda stéttarfélags að verja þennan rétt einstaklinga. Hugsanlega þurfi að láta reyna á það fyrir félagsdómi Fram kom hugmynd um að fá lögfræðialit á málinu, með tilliti til þess hvaða leiða ber að leita. Var ákveðið að BHM fengi téð lögfræðialit.

.Spurt var hvenær KOS yrði komið í lag. Svarið var að það yrði vonandi í september. Vandinn lægi að hluta í deilum um hvaða upplýsingar ætti að veita stéttarfélögum. Aðilar væru sammála um að Hagstofan ætti að framkvæma kjarakannanir í opinbera geiranum eins og þeim almenna, til að niðurstöður yrðu sambærilegar. Ágreiningur stæði um hvernig aðrar upplýsingar væru nýttar, því hægt sé að rekja til baka gegn um ruglaðar kennitölur til einstaklingsupplýsinga.

Fram kom í umræðum að hugmyndir um launaleynd og rýra skömmun upplýsinga til stéttarfélaga væru orðið verulegt vandamál, enda ríkti mikið misrétti í skjóli þess og stéttarfélög yrðu að halda áfram að berjast fyrir því að fá fullnægjandi upplýsingar, enda byggju fulltrúar félagana við trúnaðarskyldu.

Til kynningar:

3. Kjörnir forystumenn BHM og fulltrúar í nefndum og ráðum.
Listi lagður fram.
4. Nefnd um endurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
HF skýrði frá því að BHM hefði verið beðið að koma afstöðu sinni og hugmyndum til nefndarinnar fyrir 1. september næstkomandi. Benti hún á ályktun síðasta aðalfundar BHM um afnám kynbundins launamunar. Jafnframt mætti benda á að miðlun upplýsinga væri tæki til að útrýma misrétti. Hvatti hún fulltrúa félaga til að koma viðhorfum og hugmyndum á framfæri.

5. Önnur mál

Rætt var um málefni Fjölskyldu- og styrktarsjóðs og málaferli karlmanns vegna þess að einungis konur fá greiðslu úr honum. Nokkuð fyrirsjáanlegt er að þessi einstaklingur vinni mál sitt.

Engin önnur mál.

Næsti fundur 20. september 2006.